

# Skólaráð

## 1. fundur 22. September 2021 í Valsárskóla

Mættir eru María, Margrét Jensína, Arney, Sveindís, Sigrún Alda, Einar Bjarki, Þóra, Vilhjálmur og Auður

Fundarstjóri, María Aðalsteinsdóttir

### 1. Starfsáætlun Valsárskóla 2021-2022

María fór yfir starfsáætlun Valsárskóla. Kynnti námsvísa, en þá er að finna á heimasíðu skólans. Mikil vinna hefur verið lögð í námsvísana og ný viðbót komin inn í þá um námsaðlögun í hverri námsgrein. Einnig fór María sutt yfir skóladagatal Valsárskóla og skýringar þess. Engar athugasemdir varðandi þetta. Starfsáætlunni á að skila til skólanefndar í September.

### 2. Starfsáætlun Álfaborgar 2021-2022

Margrét hefur fengið frest til að skila starfsáætlun Álfaborgar til skólanefndar og óskaði eftir við nefndarmenn skólaráðs að fá að senda starfsáætlunina til þeirra og fá þá til að lesa hana yfir og koma með ábendingar. Það var samþykkt.

### 3. Staðan á umbótaáætlun Valsárskóla vegna ytra mats Mentamálaráðuneytisins

María kynnti umbótaáætlun og fór yfir skýrsluna. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt umbótaáætlunina. Umbætur innan Valsárskóla eru komnar vel af stað og margt sem búið er að laga og/eða bæta.

### 4. Umbótaáætlun Álfaborgar vegna foreldrakannana, starfsmannakannana og öðru innra mati

Margrét kynnti umbótaáætlun Álfaborgar og hvaða þættir komu mest fram í könnunum. Fyrsta ár skólastjórans fór í að laga samskipti og þetta starfsmannahópin eftir krefjandi skólaár áður. Margrét fór yfir skýrsluna með nefndarmönnum og kynnti þær umbætur sem eru komnar af stað og annað sem bíður. Skýrslan er enn í vinnslu en verður send þegar henni er lokið á nefndarmenn til yfirferðar. Það var samþykkt.

### 5. Reglur vegna skólaferðalags í 9. og 10. bekk

Drög að reglum vegna skólaferðalags skoðaðar, umræður varðandi þær. Það kom athugasemd um að í reglurnar vantaði klausu um nýja nemendur sem byrja í miðri söfnun fyrir skólaferðalagið, jafnvel ef nýr nemandi byrjar árið sem farið er í skólaferðalag.

### 6. Önnur mál

Spurningar um hvenær framkvæmdir við nýja kastalann á leikskólalóð verði lokið. Ómögulegt að segja til um það, framkvæmdir ganga hægt. Einnig var umræða um

bílastæðin við skólana, skiptar skoðanir á hvort ætti að hafa sér bílastæði fyrir starfsmenn og annað fyrir foreldra.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 15:20  
Fundargerð ritaði Auður Hafþórsdóttir